



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/18

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/755
komudagur 28.1.2005

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,
samgöngunefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstæti 8-10,
150 Reykjavík.

27. janúar 2005

Efni: Um frumvarp til laga um rannsóknarnefnd umferðarslysa, 236. mál.

Með bréfi samgöngunefndar Alþingis, dags. 26. þ.m., var Sambandi íslenskra tryggingafélaga (SÍT) sent ofangreint þingmál til umsagnar. Af því tilefni skal eftirfarandi atriðum hreyft:


1. Þegar unnið var að samningu lagafrumvarps þessa í samgönguráðuneytinu gafst SÍT kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um málið. Af SÍT hálfu var á það bent, að núverandi lagagrundvöllur rannsóknarnefndar umferðarslysa væri í 115. gr. umferðarlaga, og lögnum til fyllingar hafði verið sett sérstök reglugerð um starfsemi og starfshætti nefndarinnar. Þyki lagagrundvöllur nefndarinnar ekki nægilega skýr eða traustur, hefur SÍT talið að ýmsu leyti eðlilegra, að nauðsynlegar breytingar yrðu gerðar á umferðarlögum í stað þess að setja sérstök lög um starfsemi nefndarinnar.

Fyrir liggur, að lög nr. 35/2004 um rannsóknir flugslysa hafi verið höfð til hliðsjónar við samningu þessa frumvarps. Engan veginn er þó gefið, að sömu sjónarmið eigi við um rannsóknarnefnd flugslysa og rannsóknarnefnd umferðarslysa. Skýrist það einkum af því, að fyrrnefndu nefndinni er ætlað að rannsaka öll flugslys, en aðkoma hinnar síðarnefndu að umferðarslysum verður einungis í undantekningartilvikum og aðallega vegna alvarlegustu slysa.

2. Rannsókn umferðarslysa almennt fer eftir lögum um meðferð opinberra mála og skulu rannsökuð af lögreglu. Afar mikilsvert er, að sú sérstaka málsmeðferð, sem rannsóknarnefnd umferðarslysa er ætlað að hafa með höndum samkvæmt frumvarpinu, hvorki raski né trufla rannsókn lögreglu. Ekki verður séð, að efni frumvarpsins komi til með að þrengja lögbundna aðkomu lögreglu að rannsókn umferðarslysa.

3. Sem áður getur kom SÍT að nokkru leyti sjónarmiðum sínum á framfæri á fyrri stigum máls þessa, er frumvarpið var enn í drögum. Í því sambandi setti SÍT fram tillögur til breytinga á efni 10. gr. í því skyni að kveða skýrar á um heimildir nefndarinnar til að óska eftir upplýsingum frá ýmsum aðilum og heimildir þessara sömu aðila að veita umbeðnar upplýsingar án þess að slíkt teldist brot á þagnarskyldu. Sýnist sem tillit hafi verið tekið til þeirra ábendinga við endanlegan frágang frumvarpsins. Ekki eru því gerðar frekari beinar athugasemdir við einstök ákvæði frumvarps þessa.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson